

Nd.

407. Nefndarátt

um frv. til laga um alþýðufræðslu á Ísafirði og frv. til laga um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum.

Frá mentamálanefnd.

Tvö frumvörp um ungmennaskóla í kaupstöðum hafa legið fyrir nefndinni, annað um alþýðufræðslu á Ísafirði, en hitt um ungmennaskóla í Vestmannaeyjum. Nefndin er sammála um það, að nauðsyn sje á að setja sem fyrst almenna löggjöf um ungmennafræðslu í kaupstöðum og kaupþúnum, enda verða á þessu þingi sett lög um hjeraðsskóla í sveitum. Ungmennaskólarnar eru nú reknir í flestum kaupstöðum landsins og í nokkrum kaupþúnum, og þarf að setja almenna löggjöf um þá alla; er ekki rjett að taka einstaka kaupstaði út úr heildinni. Nú hefir ríkisstjórnin lýst yfir því, að hún sje fús að flytja á næsta þingi frv. um þessa skóla, og telur nefndin rjett að biða þess. Nefndin leggur því til, að frumvörpin verði afgreidd með svofeldri rökstuddri

DAGSKRÁ:

Í því trausti, að ríkisstjórnin leggi fyrir næsta þing frv. um ungmennafræðslu í kaupstöðum og kaupþúnum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 24. apríl 1929.

Ásg. Ásgeirsson,
form.

Magnús Jónsson,
fundaskrifari.

Bernh. Stefánsson,
frsm.

Jón Ólafsson.

Sveinn Ólafsson.